

### **Afkoma Icelandair Group á öðrum ársfjórðungi 2009**

- Rekstrarbati hjá Icelandair ehf. miðað við sama tíma í fyrra
- Heildarvelta Icelandair Group var 33,7 milljarðar króna og jókst um 17% frá sama tíma í fyrra
- EBITDA var 1,3 milljarðar króna en var 1,9 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- EBIT var neikvæð um 36 milljónir króna en var 0,9 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- Fjármagnskostnaður var 1,5 milljarðar króna samanborið við 0,4 milljarða króna árið áður
- Tap eftir skatta var 1,3 milljarðar króna en hagnaður var 0,4 milljarðar króna á sama tíma í fyrra

### **Afkoma Icelandair Group fyrstu 6 mánuði 2009**

- Niðurstaðan var betri en áætlanir gerðu ráð fyrir, þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi
- Heildarvelta félagsins var 54,5 milljarðar króna og jókst um 27% frá sama tíma í fyrra
- EBITDA var neikvæð um 1,0 milljarð króna en var jákvæð um 1,0 milljarð króna á sama tíma í fyrra
- EBIT var neikvæð um 3,5 milljarða króna en var neikvæð um 0,8 milljarða króna á sama tíma í fyrra
- Afkoma erlendra dótturfélaga fyrir skatta var 3,8 milljörðum króna verri en á sama tíma í fyrra
- Fjármagnskostnaður var 2,1 milljarður króna samanborið við 0,7 milljarða króna á sama tíma í fyrra
- Tap eftir skatta var 5,0 milljarðar króna en var 1,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- Handbært fé í lok ársfjórðungsins var 6,2 milljarðar króna, en var 6,3 milljarðar á sama tíma í fyrra
- Eiginfjárlutfall var 17,8 % í lok júní 2009, en var 20,3% í lok ársins 2008
- Eignir voru 105,9 milljarðar króna í lok júní 2009 samanborið við 98,8 milljarða króna í árslok 2008

**Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group:**

„Afkoman sýnir vel þær krefjandi aðstæður sem Icelandair Group býr við. Hún er þó betri en áætlanir gerðu ráð fyrir, og horfur fyrir sumarið og haustið gefa tilefni til hæfilegrar bjartsýni. Verulegur taprekstur er á flugrekstri í heiminum um þessar mundir og markaðsaðstæður á Íslandi hafa gjörbreyst til hins verra. Óheppileg fjármagnsskipan og hátt vaxtastig á Íslandi gerir félaginu jafnframt erfitt fyrir og býr félagið við hærri fjármagnskostnað en erlendir samkeppnisaðilar þess. Icelandair Group er að öllu jöfnu rekið með tapi á fyrri hluta ársins. Engu að síður er rúmlega milljarðs tap á öðrum ársfjórðungi og um fimm milljarða tap á fyrstu sex mánuðum ársins ekki ásættanleg rekstrarniðurstaða þegar til lengri tíma er litið. Það er hins vegar mjög ánægjulegt að við erum að gera betur en áætlanir okkar fyrir árhelminginn gerðu ráð fyrir og það er nokkur rekstrarbati hjá stærsta félaginu í samstæðunni, Icelandair ehf., milli ára.

Afkoma fyrir skatta öðrum ársfjórðungi var rúmlega tveimur milljörðum verri en á sama tímabili í fyrra. Þar munar miklu um fjármagnskostnað sem er um rúmlega milljarði hærri. Rekstur SmartLynx í Lettlandi gekk mun verr á öðrum ársfjórðungi 2009 en 2008 auk þess sem olíuvarnir höfðu neikvæð áhrif á rekstur Travel Service í Tékklandi á tímabilinu. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnskostnað, afskriftir og tekjuskatt (EBITDA) hjá íslenskum félögum í samstæðunni eykst hins vegar nokkuð milli ára sem er mjög ánægjuleg þróun.

Vinna við endurskipulagningu á fjármagnsskipan hefur haldið áfram. Samstarf við viðskiptabanka félagsins gengur vel og er það markmið beggja aðila að klára endurskipulagninguna fyrir komandi vetur.

Ljóst er að rekstrarumhverfið verður mjög krefjandi á næstu misserum en rekstur samstæðunnar í júlí og horfur fram á haustið gefa okkur tilefni til hæfilegrar bjartsýni. Með mikilli elju og dugnaði hefur starfsfólki samstæðunnar tekist að haga málum þannig að mörg jákvæð teikn eru í rekstrinum. Þannig hefur öflug framboðs- og verðstýring auk markaðsstarfs erlendis leitt til nokkurs rekstrarbata hjá Icelandair milli ára. Einnig hefur sveigjanleiki og rekstraraðhald hjá Flugfélagi Íslands skilað sér í ágætis rekstrarafkomu þrátt fyrir mikinn samdrátt. Mikið kostnaðaraðhald og öflug tekjustýring hjá Travel Service hefur auk þess skilað sér í því að afkoman er mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Við ætlum að halda áfram á þessum nótum og er EBITDA markmið félagsins fyrir árið í heild nú um 6,5 milljarðar króna, en var 6,0 milljarðar við birtingu uppgjors fyrir fyrsta ársfjórðung. Ef það næst er um umtalsverðan bata að ræða milli ára, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að EBITDA hjá SmartLynx er áætluð neikvæð um 1,9 milljarða króna á árinu og gjaldfærslu olíuvarna hjá Travel Service að fjárhæð 2,9 milljarðar króna“.

**Lykiltölur annars ársfjórðungs 2009**

ISK'000.000				
	Q2 09	%	Q2 08	%
Transport revenue	13.448	40%	12.208	42%
Aircraft and aircrew lease	16.319	48%	12.898	45%
Other	3.977	12%	3.848	13%
<b>Operating Income</b>	<b>33.744</b>	<b>100%</b>	<b>28.954</b>	<b>100%</b>
Salaries and related expenses	6.265	19%	6.229	22%
Aircraft fuel	6.849	20%	6.538	23%
Aircraft and aircrew lease	6.001	18%	3.684	13%
Aircraft servicing, handling and comm.	5.713	17%	3.752	13%
Aircraft maintenance	3.287	10%	2.707	9%
Other	4.314	13%	4.189	14%
<b>EBITDA</b>	<b>1.315</b>	<b>4%</b>	<b>1.855</b>	<b>6%</b>
<b>EBIT</b>	<b>-36</b>	<b>0%</b>	<b>901</b>	<b>3%</b>
<b>EBT</b>	<b>-1.530</b>	<b>-5%</b>	<b>655</b>	<b>2%</b>
<b>Net Profit</b>	<b>-1.340</b>	<b>-4%</b>	<b>395</b>	<b>1%</b>
<b>EBITDAR</b>	<b>7.022</b>	<b>21%</b>	<b>5.279</b>	<b>20%</b>

**Afkomutilkýning annars ársfjórðungs og fyrstu sex mánaða 2009**
**Rekstrarniðurstaða**

EBITDA var 1,3 milljarðar króna en var 1,9 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. EBIT var neikvæð um 36 milljónir króna en var 0,9 milljarðar króna sama tímabili í fyrra. Tap fjórðungsins eftir skatta nam 1,3 milljörðum króna, en hagnaður var 0,4 milljarðar króna á sama tímabili 2008. EBITDAR var 7,0 milljarðar króna samanborið við 5,7 milljarða króna 2008.

**Lykiltölur annars ársfjórðungs og fyrstu sex mánaða 2009 án erlendra dótturfélaga**

ISK'000.000

Icelandair Group without foreign subsidiaries

	Q2 09		Q2 08		6M 09		6M 08	
Revenue	19.511		18.523		33.583		31.144	
EBITDA	1.407	7%	1.149	6%	1.465	4%	341	1%
EBIT	123	1%	270	1%	-962	-3%	-1.308	-4%

Þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi er um rekstrarbata að ræða hjá íslenskum félögum Icelandair Group samstæðunnar milli ára. Helstu þættir sem skýra batann eru:

- Öflug framboðs-og verðstýring auk markaðsstarfs erlendis hafa leitt til rekstrarbata hjá Icelandair milli ára. Aukning farþega Icelandair til landsins er 11% milli ára á tímabilinu janúar-júní
- Lægra olíuverð en á síðasta ári og hagstæð þróun á gengi Bandaríkjadollar gagnvart Evru hafa jákvæð áhrif á reksturinn
- Þrátt fyrir talsverða fækkun farþega hefur tekist að bæta rekstrarafkomu Flugfélags Íslands með öflugri framboðsstýringu og aðhaldi í rekstri

**Rekstur á öðrum ársfjórðungi 2009**
**Rekstrareiningar – annar ársfjórðungur samanburður**

ISK'000.000

	Scheduled Airline and Tourism			Capacity Solutions		
	Q2 09	Q2 08	Diff	Q2 09	Q2 08	Diff
Segment revenue	19.682	18.917	4%	19.030	13.905	37%
Segment cost	-18.242	-17.949	2%	-19.006	-12.683	50%
<b>EBITDA</b>	<b>1.440</b>	<b>968</b>	<b>49%</b>	<b>24</b>	<b>1.222</b>	<b>-</b>
<b>EBIT</b>	<b>370</b>	<b>229</b>	<b>62%</b>	<b>-249</b>	<b>951</b>	<b>-</b>
Net finance cost	-453	-204	122%	-369	250	-
Share of profit of associates	0	1	-	29	126	-77%
<b>EBT</b>	<b>-83</b>	<b>26</b>	<b>-</b>	<b>-589</b>	<b>1.327</b>	<b>-</b>
Income tax	8	-37	-	37	-163	-
<b>Net Profit/Loss</b>	<b>-75</b>	<b>-11</b>	<b>582%</b>	<b>-552</b>	<b>1.164</b>	<b>-</b>
<b>EBITDAR</b>	<b>3.291</b>	<b>2.109</b>	<b>56%</b>	<b>3.877</b>	<b>3.505</b>	<b>11%</b>

**Rekstrareiningar annar ársfjórðungur 2009**

ISK'000.000	Q2 2009				
	Scheduled airline	Capacity solutions	Shared Services	Elimi- Nations	Con- solidated
Segment revenue	19.682	19.030	159	-5.127	33.744
Segment cost	-18.242	-19.006	-308	5.127	-32.429
<b>EBITDA</b>	<b>1.440</b>	<b>24</b>	<b>-149</b>		<b>1.315</b>
<b>EBIT</b>	<b>370</b>	<b>-249</b>	<b>-157</b>		<b>-36</b>
Net finance cost	-453	-369	-701		-1.523
Share of profit of associates	0	29	0		29
<b>EBT</b>	<b>-83</b>	<b>-589</b>	<b>-858</b>		<b>-1.530</b>
Income tax	8	37	145		190
<b>Net Profit/Loss</b>	<b>-75</b>	<b>-552</b>	<b>-713</b>		<b>-1.340</b>
<b>EBITDAR</b>	<b>3.291</b>	<b>3.877</b>	<b>-146</b>		<b>7.022</b>

**Heildartekjur** voru 33,7 milljarðar króna miðað við 29,0 milljarða króna á sama tímabili í fyrra sem er 17% aukning á milli ára.

Í **Áætlunarflugi og Ferðaþjónustu**, þar sem félögin Icelandair, IGS, Icelandair Hotels, Iceland Travel, Flugfélag Íslands og Icelandair Cargo falla undir, voru tekjur 19,7 milljarðar króna 2009 en 18,9 milljarðar króna á sama tíma 2008. Kostnaður var 18,2 milljarðar króna en 17,9 milljarðar króna á sama tíma 2008. EBITDA var 1,4 milljarðar króna en var 1,0 milljarður króna á sama tíma í fyrra. Tap rekstrarsviðsins eftir skatta var 75 milljónir króna, samanborið við 11 milljón króna tap á sama tíma í fyrra. EBITDAR var 3,3 milljarðar króna en var um 2,1 milljarður króna á sama tímabili í fyrra.

Vegna minnkandi eftirspurnar í kjölfar alþjóðlegrar fjármálakreppu dró Icelandair úr framboði í vetur og vor. Farþegum fækkaði í samræmi við það, eða um 10,6% á öðrum ársfjórðungi 2009, og farþegatekjur lækkuðu um 16,6%. Kostnaður, einkum í eldsneyti og vegna umfangsmikilla sparnaðaraðgerða lækkaði hinsvegar heldur meira en sem þessu nam. Sætanýting var 73,6%, en var 74,8% á sama tíma á síðasta ári. Aukning í sölu erlendis á flugsætum til Íslands var 11% á öðrum ársfjórðungi og var helmingur af heildarfarþegafjölda félagsins á tímabilinu, í fyrsta sinn í sögu þess.

Á **sviði Leiguflugs og Flugvélaviðskipta**, þar sem félögin Travel Service, Loftleiðir Icelandic, Smartlynx, Icelease og Bluebird Cargo falla undir, voru tekjur 19,0 milljarðar króna en 13,9 milljarðar króna á sama tíma 2008. Kostnaður var 19,0 milljarðar króna en 12,7 milljarðar króna á sama tíma 2008. EBITDA var 24 milljónir króna en var 1,2 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Tap rekstrarsviðsins eftir skatta var 0,6 milljarðar króna samanborið við 1,2 milljarða króna hagnað á sama tíma í fyrra. EBITDAR var 3,9 milljarðar króna en var 3,5 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Helstu ástæður fyrir verri afkomu en á sama tíma og í fyrra eru bág verkefnastaða Smart Lynx framan af ári, en félagið missti skyndilega stóra viðskiptavini á haustmánuðum 2008 sem gerði það að verkum að stór hluti flotans var verkefnalítill fram undir sumar. Gjaldfærsla á neikvæðum olíuvörnum hjá Travel Service nam 1,7 milljörðum króna sem veldur því að afkoma félagsins er mun lakari en á sama tíma í fyrra. Breytingar á gengi íslensku krónunnar hafa einnig veruleg vögunaráhrif á tapið. Rekstur Smart Lynx hefur tekið breytingum til batnaðar á síðustu vikum og reiknað með að búið sé að komast fyrir taprekstur.

**Flutningatekjur** jukust um 1,2 milljarða króna milli annars ársfjórðungs 2008 og 2009 eða um 10,2%. Tekjur vegna farþegaflutninga aukast um 13,1% eða 1,4 milljarða króna á milli ára meðan tekjur vegna vöru og pósthutninga lækka um 10,6% eða 0,2 milljarða króna

**Tekjur af leiguflugi** jukust um 3,4 milljarða í samanburði við annan ársfjórðung 2008.

**Afkomutilkýning annars ársfjórðungs og fyrstu sex mánaða 2009**

**Aðrar tekjur** jukust um 0,1 milljarð króna frá öðrum ársfjórðungi 2008 eða um 3%.

**Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður** jókst um 36 milljónir króna eða 1% í samanburði við annan ársfjórðung 2008. Meðalstöðugildum fækkaði um 8,3%, voru 3.304 samanborið við 3.602 miðað við sama tíma í fyrra.

**Eldsneytiskostnaður** jókst um 0,3 milljarða króna sem er 4,8 % hækkun frá sama tíma í fyrra. Meðalverð á öðrum ársfjórðungi 2009 var USD 538 á tonn en var USD 1,253 á tonn á sama tíma í fyrra, þetta er lækkun um 57% á milli tímabila. Kostnaður jókst vegna áhrifa af olíuvörnum og veikingar íslensku krónunnar.

**Flugvéla- og áhafnaleiga** jókst um 2,3 milljarða króna á milli ára eða um 63%. **Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld** jukust um 2,0 milljarða á milli ára eða um 52%. Hækkun þessara liða er að mestu til komin vegna veikingar íslensku krónunnar auk þess sem aukin umsvif hjá Travel Service hafa áhrif til hækkunar.

**Viðhaldskostnaður** jókst um tæplega 0,6 milljarða króna á milli ára eða 21% vegna aukins viðhalds hjá Bluebird Cargo, SmartLynx og Travel Service, auk þess sem veiking íslensku krónunnar hefur áhrif til hækkunar.

**Fjármagnsliðir**

ISK'000.000	Q2 09	Q2 08	Diff.
Interest income	50	104	-54
Interest expenses	-1.255	-810	-445
Currency effect	-216	30	-246
Gain from sale of derivatives	-102	303	-405
<b>Net finance cost</b>	<b>-1.523</b>	<b>-373</b>	<b>-1.150</b>

**Nettó fjármagnsgjöld** voru um 1,5 milljarðar króna en voru um 0,4 milljarða króna á sama tíma í fyrra.

**Gengismunur** var neikvæður um 0,2 milljarða króna en var í jafnvægi á sama tíma í fyrra.

**Efnahagsreikningur**

ISK'000.000	30/06/09	31/12/08	Diff.
Operating Assets	37.024	36.798	226
Intangible assets	29.935	29.306	629
Investment in associates	1.073	1.008	65
Aircraft purchase prepayments	4.504	4.226	278
Long-term receivables	6.712	6.054	658
Cash and cash equivalents	6.184	4.065	2.119
Other assets	20.481	17.373	3.108
<b>Total assets</b>	<b>105.913</b>	<b>98.830</b>	<b>7.083</b>
Stockholders equity	18.806	20.080	-1.274
Total non-current liabilities	23.758	25.112	-1.354
Total current liabilities	63.349	53.638	9.711
<b>Total equity and liabilities</b>	<b>105.913</b>	<b>98.830</b>	<b>7.083</b>

**Eignir** voru 105,9 milljarðar króna í lok júní 2009 samanborið við 98,8 milljarða í lok árs 2008.

**Afkomutilkýning annars ársfjórðungs og fyrstu sex mánaða 2009**

**Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum** á tímabilinu námu 1,3 milljörðum króna, þar sem fjárfestingar í hreyflatímum og flugvéla varahlutum vega þyngst.

**Vaxtaberandi skuldir - nettó** námu 37,1 milljarði króna og hafa lækkað um 2,4 milljarða króna frá áramótum.

Að mati stjórnenda félagsins er eiginfjárhlutfall félagsins of lágt og greiðslubyrði vaxtaberandi skulda of þung þegar horft er á sjóðstreymi frá rekstri. Eins og áður hefur komið fram hefur um all nokkurt skeið verið unnið að endurskipulagningu efnahagsreiknings félagsins í samstarfi við viðskiptabanka þess. Nýlega var samþykkt á hluthafafundi heimild til stjórnar um að auka hlutafé félagsins um allt að 4 milljarða króna að nafnvirði. Ákvörðun um hlutafjárukninguna verður tekin samhliða endurskipulagningu á greiðslubyrði vaxtaberandi skulda sem unnin er í samvinnu við viðskiptabanka félagsins.

**Sjóðstreymi**

ISK'000.000		
	6M 09	6M 08
Working capital (to) from operations	-2.557	1.365
Net cash from operating activities	3.809	7.619
Net cash (used in) investing activities	-580	-2.354
Net cash (used in) financing activities	-1.397	-1.485
<b>Increase in cash and cash equivalents</b>	<b>1.832</b>	<b>3.780</b>
Effect of exchange rate fluctuations on cash held	287	513
Cash and cash equivalents at 1 January	4.065	2.006
<b>Cash and cash equivalents at 30 June</b>	<b>6.184</b>	<b>6.299</b>

**Veltufé til rekstrar** var 2,6 milljarðar króna á fyrstu 6 mánuðum ársins samanborið við 1,4 milljarða króna frá rekstri á sama tímabili í fyrra.

**Handbært fé frá rekstri** á fyrstu 6 mánuðum ársins var 3,8 milljarðar króna en var 7,6 milljarðar króna á fyrstu 6 mánuðum ársins 2008.

Lakara sjóðstreymi frá rekstri skýrist fyrst og fremst af verri afkomu hjá erlendum dótturfélögum.

**Handbært fé í lok tímabilsins** er 6,2 milljarðar króna en var 6,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

## Afkomutilkýning annars ársfjórðungs og fyrstu sex mánaða 2009

**Samanburður ársfjórðungar–Lykiltölur**

ISK'000.000					
	Q2 08	Q3 08	Q4 08	Q1 09	Q2 09
Transport revenue	12.208	17.409	9.523	7.310	13.448
Charter revenue	12.898	19.441	15.529	11.273	16.319
Other	3.848	4.615	3.258	2.133	3.977
<b>Operating Income</b>	<b>28.954</b>	<b>41.465</b>	<b>28.310</b>	<b>20.716</b>	<b>33.744</b>
Salaries and related expenses	6.229	6.455	6.416	5.392	6.265
Aircraft fuel	6.538	9.977	6.750	3.847	6.849
Aircraft and aircrew lease	3.684	3.788	5.322	4.892	6.001
Aircraft servicing, handling and navigation	3.752	6.405	4.362	2.568	5.713
Aircraft maintenance	2.707	3.528	3.967	2.777	3.287
Other	4.189	5.129	3.826	3.546	4.314
<b>EBITDA</b>	<b>1.855</b>	<b>6.183</b>	<b>-2.333</b>	<b>-2.306</b>	<b>1.315</b>
<b>EBIT</b>	<b>901</b>	<b>5.108</b>	<b>-10.035</b>	<b>-3.504</b>	<b>-36</b>
<b>EBT</b>	<b>655</b>	<b>5.104</b>	<b>-10.503</b>	<b>-4.055</b>	<b>-1.530</b>
<b>Net Profit</b>	<b>395</b>	<b>4.385</b>	<b>-10.570</b>	<b>-3.639</b>	<b>-1.340</b>
<b>EBITDAR</b>	<b>5.279</b>	<b>8.805</b>	<b>2.377</b>	<b>2.388</b>	<b>7.022</b>

**Fyrstu 6 mánuðirnir 2009**
**Lykiltölur fyrstu sex mánaða 2009**

ISK'000.000				
	6M 09	%	6M 08	%
Transport revenue	20.758	38%	18.981	44%
Aircraft and aircrew lease	27.592	51%	18.085	42%
Other	6.110	11%	5.898	14%
<b>Operating Income</b>	<b>54.460</b>	<b>100%</b>	<b>42.964</b>	<b>100%</b>
Salaries and related expenses	11.657	21%	11.234	26%
Aircraft fuel	10.696	20%	9.160	21%
Aircraft and aircrew lease	10.893	20%	6.235	15%
Aircraft servicing, handling and comm.	8.281	15%	4.748	11%
Aircraft maintenance	6.064	11%	3.819	9%
Other	7.860	14%	6.770	16%
<b>EBITDA</b>	<b>-991</b>	<b>-2%</b>	<b>998</b>	<b>2%</b>
<b>EBIT</b>	<b>-3.540</b>	<b>-7%</b>	<b>-762</b>	<b>-2%</b>
<b>EBT</b>	<b>-5.585</b>	<b>-10%</b>	<b>-1.426</b>	<b>-3%</b>
<b>Net Profit</b>	<b>-4.979</b>	<b>-9%</b>	<b>-1.283</b>	<b>-3%</b>
<b>EBITDAR</b>	<b>9.410</b>	<b>17%</b>	<b>5.984</b>	<b>14%</b>

EBITDA var neikvæð um 1,0 milljarð króna en var 1,0 milljarður króna á sama tíma í fyrra. EBIT var neikvæð um 3,5 milljarða króna en var 0,8 milljarðar króna sama tímabili í fyrra. Tap fyrstu sex mánaða eftir skatta nam 5,0 milljörðum króna en tapið nam 1,3 milljörðum króna á sama tímabili 2008. EBITDAR var 9,4 milljarðar króna samanborið við 6,0 milljarða króna 2008

**Eldsneytiskostnaður** eykst um 1,5 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 sem er 16,8 % hækkun frá sama tímabili í fyrra. Meðalverð á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 var USD 497 á tonn en var USD 1,096 á tonn á sama tíma í fyrra, þetta er lækkun um 55% á milli tímabila.

## Afkomutilkynning annars ársfjórðungs og fyrstu sex mánaða 2009

### Horfur í rekstri Icelandair Group

Rekstrarumhverfið verður mjög krefjandi á næstu misserum en rekstur samstæðunnar í júlí var góður og horfur á þriðja ársfjórðungi eru góðar. Meiri óvissa er um rekstur síðasta ársfjórðungs en EBITDA markmið félagsins fyrir árið hafa verið endurskoðuð og eru nú 6,5 milljarðar króna, en þau voru 6,0 milljarðar við birtingu uppgjörs fyrir fyrsta ársfjórðung. Ef það næst er um umtalsverðan bata að ræða milli ára, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að EBITDA hjá SmartLynx er áætluð neikvæð um 1,9 milljarða króna á árinu og gjaldfærslu olíuvarna hjá Travel Service að fjárhæð 2,9 milljarða króna.

### Endurskoðun

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna hálfársuppgjörs 2009 var samþykktur á stjórnarfundum þann 14. ágúst 2009. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

### Kynningarfundur 17. ágúst

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn mánudaginn 17. ágúst 2009 á **Hilton Reykjavík Nordica**. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum ásamt stjórnendum félagsins. **Kynningin hefst kl. 8:30.**

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: [www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is) og í fréttakerfi Kauphallar Íslands/Nasdaq OMX.

### Fjárhagsdagatal 2009

Þriðji ársfjórðungur 2009	Vika 45 2009
Ársuppgjör 2009	Vika 7 2010

### Frekari upplýsingar veita:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group	sími: 896-1455
Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group	sími: 665-8801